

Lög Foreldrafélags Akurskóla

1.gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Akurskóla.

2.gr.

Félagar eru foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum.

3.gr.

Markmið félagsins er að vinna að velferð nemenda, efla hag skólans og koma á sem bestu sambandi milli skólans og heimila nemenda.

4.gr.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því að:

- Halda fundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni, valin í samráði við skólastjóra og/eða kennara skólans.
- Veita aðstoð í starfi skólans vegna félagsstarfa og skemmtana nemenda.
- Styðja og efla hverja þá starfsemi sem stuðlar að auknum þroska og menningu nemenda skólans.

5.gr.

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi til tveggja ára, tveir stjórnarmenn annað árið og tveir hitt árið sem og formaður. Stórn félagsins skal skipuð fimm forráðamönnum barna skólans og allt að fimm varamönnum. Formaður skal kjörinn sérstaklega og situr hann í skólaráði, aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum í samráði við formann. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.

Á aðalfundi skal einnig kjósa fulltrúa í skólaráð. Í skólaráði skulu sitja tveir fulltúar foreldra ásamt formanni félagsins. Starfsreglur skólaráðs má finna á heimasíðu Akurskóla.

6. gr.

Félagsstjórn skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma milli einstakra foreldra eða forráðamanna barna og starfsfólks skólans.

7. gr.

Árgjald félagsins sem ákveðið er á aðalfundi skal innheimt í upphafi hvers starfsárs í formi eins greiðsluseðils á hvert heimili.

9. gr.

Lögum þessum ma aðeins breyta á aðalfundi sem haldinn skal a.m.k. einu (1) sinni á ári, í upphafi skólaárs, enda sé það tilkynnt í skriflegri fundarboðun sem senda má með nemendum með minnst fimm daga fyrirvara.

Fundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.

10. gr.

Ákvörðun um slit félags verður tekin á aðalfundi með 2/3 meirihluta og renna eignir þess til annarra félaga/félags sem starfa að þeim sömu eða svipuðu markmiðum og Foreldrafélag Akurskóla skv. ákvörðun fráfarandi stjórnar Foreldrafélags Akurskóla.

Samþykkt af stjórn Foreldrafélags Akurskóla við stofnun þess árið 2005. Lög þessi voru endurskoðuð og samþykkt á aðalfundi félagsins 29. september 2021